Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

85.fundur. haldinn í Húsinu. Staðarbergi 6. Þriðjudaginn 12.apríl 2015. Kl 20:00.

Fundinn sátu: Eva Rut Reynisdóttir,Ína Kathinka Grönvöld Steindórsdóttir. Sveinn Ísak Kristinsson, Veiga Dís Hansdóttir, Bjarki Steinar Viðarsson

Afboðuðu: Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Lára Rós Friðriksdóttir,

Fundargerð ritaði: Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir Starfsmaður ungmennaráðs.

1.Fundarstjóri

Samþykkt að Veiga Dís Hansdóttir stýri næsta fundi sem verður 26. maí 2015

2. Hinseiginfræðsla formleg umsögn

Ungmennaráð fagnar því að koma eigi á fót hinseiginfræðslu í Hafnarfirði og telur mikla þörf á að börn og unglngar á öllum aldri fái slíka fræðslu. Þar sem meira að segja flestir fulltrúar ráðsins telja sig ekki vita nægilega mikið um málefni hinseiginfólks og eru ungmennaráðsfulltrúar meðal þeirra ungmenna sem bestan aðgang hafa á að sækja sér fræðslu og kynna sér málefni minni hluta hópa.
Ráðið vísar í fundargerð sína frá 28. aprí þar sem skoðun fulltrúa á hinseigin fræðslu kemur skyrt fram og bréf sem sent var öllum bæjarfulltrúum skömmu eftir að málið var lagt fram í Bæjarstjórn þann 15. Apríl síðastliðinn.

3.Úrvinnsla hugmynda af ungmennaþingi

Haldið var áfram með vinnslu úr hugmyndum frá ungmennaþingi og þær flokkaðar eftir málefnum og hversu mikil þörf er á að koma þeim í framkvæmd og á framfæri.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 21:50.